



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 • Sími 470 2300 • Fax 472 1588
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is • Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/722
komudagur 24.11.2012

Seyðisfirði, 21. nóvember 2012

Alþingi
b.t. nefndasviðs Alþingis
við Austurvöll
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflug(hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120. mál.

Vísað er til frumvarps til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120. mál sem sent var til umsagnar að beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Bæjarráð Seyðisfjarðar lýsir stuðningi við frumvarpið og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í því svo sem í 1. og 3 grein þess.

Flugvöllur staðsettur í Reykjavík eins og hann er nú er mikilvægur liður í því að tryggja sem jafnastan aðgang allra landsmanna að sameiginlegum heilbrigðis-, mennta og stjórnsýslustofnum landsins.

Þar að auki telur bæjarráð Seyðisfjarðar að Reykjavíkurflugvöllur sé afar þýðingarmikill með tilliti til almannavarna almennt á Íslandi og að full þörf sé á að láta vinna úttekt á hlutverki hans í því samhengi.

Virðingarfyllt


Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri